

Ed.

710. Nefndarálit

[202. mál]

um frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur tekið frumvarpið fyrir á fimm fundum. Til viðtals við nefndina komu: Haraldur Bessason, forstöðumaður Háskólans á Akureyri, frá Háskóla Íslands dr. Sigmundur Guðbjarnason rektor og Jónatan Þórmundsson prófessor og Bjarni Kristjánsson rektor Tækniskóla Íslands.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Háskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kennaraháskóla Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi, Akureyrarbæ og Fjórðungssambandi Norðlendinga, auk bréfs Haralds Bessasonar þar sem hann svarar að beiðni menntamálanefndar athugasemdum sem fram komu við frumvarpið. Umsagnir og bréf Haralds eru prentuð sem fylgiskjöl með þessu álit.

Tveir umsagnaraðilar mæla með því að frumvarpið verði samþykkt og gera engar athugasemdir við það. Hinir gera misítarlegar athugasemdir við frumvarpið og beinast þær einkum að hlutverki Háskólans á Akureyri. Reifaðar eru mismunandi kröfur sem gera þarf annars vegar til rannsóknarháskóla og hins vegar til sérskóla á háskólastigi.

Gróflga má flokka umsagnirnar í eftirfarandi flokka:

1. Akureyrarbær og Fjórðungssamband Norðlendinga gera ekki athugasemdir og mæla með samþykkt frumvarpsins.
2. Bandalag háskólamanna gerir þá kröfu að tekin verði af öll tvímæli um að ekki sé verið að stofna til nýs „universitas“ á Íslandi heldur öflugrar kennslu að loknu stúdentsprófi í nánnum tengslum við atvinnuvegi þjóðarinnar.
3. Kennaraháskóli Íslands mælir með að Háskólanum á Akureyri verði ætlað vísindalegt hlutverk og það komi fram í lögum.
4. Hið íslenska kennarafélag, Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands taka ekki beina afstöðu til þess hvort skólinn eigi að vera rannsóknarháskóli eða sérskóli á háskólastigi.

Umsagnaraðilar hafa mismunandi skoðanir á því hversu ítarleg löggin eigi að vera og í hve ríkum mæli skuli setja ákvæði um starfsemi Háskólans á Akureyri í reglugerð. Kennarasamband Íslands og Háskóli Íslands gera beinar athugasemdir við einstaka kafla og

greinar frumvarpsins. Auk þess fjallar umsögn Háskóla Íslands ítarlega um mismunandi hlutverk skóla á háskólastigi og er talið að tvískinnungs gæti í frumvarpinu hvað þetta varðar.

Í þessu sambandi tekur nefndin fram að frumvarpið um Háskólann á Akureyri er sniðið eftir lögum um Tækniskóla Íslands og hlýtur í einstökum greinum að mótast af því að hér er um nýja stofnun að ræða sem „hlýtur að fá á sig breytta og nokkuð fyllri mynd innan þriggja ára“. Að því lýtur endurskoðunarákvæði 14. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem fellur úr gildi að þremur árum liðnum.

Í Háskólanum á Akureyri eru nú tvær brautir í hjúkrunarfræði og iðnrekstrarfræði en ákveðið hefur verið að taka upp braut í sjávarútvegsfræðum við skólann auk matvælafræði. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur látið námsbraut í hjúkrunarfræðum í té fullbúna kennsluáðstöðu og fullbúinn lestrarsal fyrir alla nemendur námsbrautar í hjúkrunarfræðum. Þá hefur sjúkrahúsið gengið til samvinnu við Háskólann á Akureyri um bókasafn sjúkrahússins, fagbókasafnið og ráðningu bókavardar til viðbótar þeim sem verið hefur við sjúkrahúsið, auk þess sem það kaupir inn bækur og tímarit sem á vantar til þess að þar komi hið ágætasta fagbókasafn í hjúkrunarfræðum.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Svavar Gestsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkuð nefndaráliti þessu með fyrirvara.

Salome Porkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 1988.

Valgerður Sverrisdóttir,
varaform.

Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr., með fyrirvara.

Halldór Blöndal,
frsm.

Guðmundur Ágústsson,
með fyrirvara.

Elín Jóhannsdóttir.

Sveinn G. Hálfðánarson.

Fylgiskjal I.

Háskóli Íslands:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri, 202. mál. (Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 21. febr. 1988.)

Stofnun nýs háskóla á Íslandi er athyglisverð, m.a. vegna þess að þá er á nýjan leik tekin afstaða til þess, eða ætti að taka afstöðu til þess, hvað háskóli er. Hugtakið háskóli hefur um langt skeið í íslensku máli fyrst og fremst vísað til Háskóla Íslands sem stofnunar og þess starfs sem þar fer fram. Samkvæmt síðari alda hefð og viðurkenndri framkvæmd í samskiptum við erlendar menntastofnanir samsvarar háskólaheitið hugtakinu *universitas* í ýmsum afbrigðum þess á öðrum tungumálum. Í hugtaki þessu felst ákveðinn efniskjarni sem telst og hefur frá fornu fari talist aðall hverrar þeirrar stofnunar sem vill standa undir nafni.

Í 1. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, er kjarninn í háskólahugtakinu orðaður í stuttu máli svo: „Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.“

Bæði kennsluþættinum og rannsóknarþættinum er sinnt í Háskóla Íslands. Er það raunar sterk sannfæring margra, ef ekki flestra, að *vísindalegri* fræðslu verði ekki sinnt, svo að vel fari, nema saman fari rannsóknir og fræðsla. Það er einmitt sérkenni háskólastarfs að flétta þetta tvennt saman, fræðslu og rannsóknir.

Til þess er ætlast að háskóli sýni frumkvæði og hafi forustu um rannsóknir. Forsenda þess er sú að stundaðar séu grundvallarrannsóknir til að afla nýrrar þekkingar, en hagnýtar rannsóknir eru einnig mikilvægar sem þáttur í þjónustuhlutverki háskólans við ýmsar starfsgreinar þjóðfélagsins.

Annað meginatriði háskólahugtaksins er fjölbreytni í rannsóknum og námsframboði. Háskólar eru stofnanir sem reyna að spanna mikinn hluta þeirrar vísindalegu sérfræði sem þjóðfélagið þarf á að halda hverju sinni, en takmarka sig ekki við einstakar sérgreinar eða starfshópa. Þess vegna á starfsmenntun betur heima í sérskólum en almennum háskólum eins og Háskóla Íslands.

Priðja grundvallareinkenni háskóla er ákveðin sjálfstjórn og starfsmannalyðræði er byggist á gömlum alþjóðlegum hefðum. Ríkisháskólar njóta almennt mun meira sjálfstæðis um innri málefni sín en tíðkast um aðrar ríkisstofnanir. Þetta birtist með ýmsum hætti í lögum um Háskóla Íslands og framkvæmd þeirra.

Sú skoðun heyrir oft að hugtakið háskóli megi skilja á annan hátt en að ofan greinir, þ.e. í hreinni *formmerkingu*, þannig að átt sé við hvers konar skóla er taka við af framhaldsskólum án tillits til þess hvaða starfsemi fer þar fram og hvaða kröfur gerðar eru til starfsmanna og nemenda. Þessi skilningur styðst við lög nr. 55/1974, um skólakerfi. Af 2. gr. laganna mætti raunar draga þá ályktun að gerðar væru hliðstæðar kröfur til nýrra „háskóla“ og gerðar eru til Háskóla Íslands. Þegar betur er að gáð verður þó að líta svo á að í *skilningi laganna* séu lagðir að jöfnu við Háskóla Íslands þeir skólar aðrir sem gera sams konar kröfur til *innngöngu* og hann, þ.e. teljast formlega á svokölluðu *háskólastigi*, sbr. athugasemd við 5. gr. frumvarpsins. Þessi mælikvarði breytir vitanlega engu um ólík verkefni og kröfur sem þessar stofnanir gera. Hins vegar er mjög óheppilegt og getur orðið öllum til tjóns að sama hugtakið sé notað í svo ólíkum skilningi sem nú stefnir í. Aðrar þjóðir hafa og gætt þess vel að nota mismunandi heiti í samræmi við markmið stofnunar, fræðilegar kröfur og verkefni.

Í frumvarpi því, sem hér er beiðst umsagnar um varðandi fyrirhugaðan háskóla á Akureyri (þingmál 202), kemur fram greinilegur tvískinnungur milli háskóla í hinni hefðbundnu merkingu sem lýst var hér að framan og sérskóla (starfsmenntunarskóla) á háskólastigi í hinni formlegu merkingu laga nr. 55/1974. Skal þetta nú nánar skýrt.

1. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.: „Undanfarna áratugi hefur orðið mikil breyting á háskólamenntun á Vesturlöndum. Fjölbreytni háskólanáms hefur aukist, m.a. hefur ýmiss konar starfsmenntun sem áður fór fram í sérskólum á framhaldsskólastigi færst á háskólastig og ný viðhorf hafa valdið breytingum á hlutverki og starfsháttum margra háskóla. Gætt hefur vaxandi tilhneigingar til að efla gagnvirkt samband háskóla og atvinnulífs. Við hlið hinna hefðbundnu, almennu háskóla, þar sem megináhersla er lögð á grundvallarrannsóknir og kennslu í tengslum við þær, hafa risið á legg menntastofnanir með tiltölulega stuttum námsbrautum á háskólastigi. Þessir skólar, sem nefnast ýmsum nöfnum eftir löndum (Community College, Polytechnic, Fachhochschule, Högskóla), eiga það margir sammerkt að taka mið af atvinnulífi og starfsgreinum í kennslu sinni, svo og rannsóknum þar sem þeim er til að dreifa. — Stofnun háskóla á Akureyri samrýmist þessari þróun ...“ Margt fleira í þessum athugasemdum bendir í sömu átt. Athugasemdir með 1. gr. frumvarpsins sýna að hinni nýju stofnun er ekki ætlað sérstakt rannsóknarhlutverk. Þar segir að vísu að rannsóknarstarfsemi innan vébanda háskólans kunni að reynast nauðsynleg til að tryggja fræðilegan grundvöll kennslunnar, en sú þörf verði að koma í ljós í tímans rás.

2. Mörg önnur atriði frumvarpsins benda til þess að hin fyrirhugaða stofnun eigi fremur að verða starfsmenntunarskóli en venjulegur akademískur háskóli, svo sem ósjálfstæði stofnunarinnar gagnvart stjórnvöldum (sjá m.a. 3. gr. og 6. gr. frumvarps um skipun rektors og forstöðumanns deilda), lítil þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn hennar (4. gr. frv.), samsetning háskólanefndar (4. gr. frv.), þögn um hæfiskröfur til rektors og forstöðumanna deilda sem og um þátttöku starfsmanna og nemenda í stjórnun deilda og varðandi umsagnarrétt um málefni skólans (sbr. 2. gr. háskólalaga).
3. Allmörg atriði frumvarpsins, auk háskólaheitisins, benda hins vegar til vísindalegrar háskólastarfsemi í hinni hefðbundnu merkingu. Þannig á hin nýja stofnun að vera *vísindaleg* fræðslustofnun þótt erfitt sé að sjá hvernig það má verða án rannsóknarstarfsemi. Í greinargerð segir það eitt til skýringar að kennsla skuli reist á vísindalegum grunni. Í 9. gr. frumvarpsins eru gerðar hliðstæðar hæfiskröfur til að hljóta starf prófessors eða dósentis og gerðar eru við Háskóla Íslands. Dómnefnd er skipuð og skal hún láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Þá skal leita álits háskólanefndar um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar. En lengra ná akademískar kröfur háskólans ekki því að þessir sömu starfsmenn hafa síðan engar rannsóknarskyldur þegar þeir eru komnir til starfa. Að vísu er talið æskilegt að kennarar „eigi þess kost að sinna rannsóknarverkefnum þegar svo ber undir, t.d. með veitingu orlofs í því skyni“, sbr. athugasemd með 1. gr.

Í raun réttir er mjög erfitt að gefa umsögn í einstökum atriðum um fyrirliggjandi frumvarp meðan ekki liggur ljóst fyrir markmið hinnar nýju stofnunar. Umsögn Háskólans hlyti að verða mismunandi eftir því hvort stefnt er að starfsmenntunarskóla á háskólastigi eða akademískri háskólastofnun. Hvernig sem þau mál skipast má benda á ýmis atriði sem vantar í frumvarpið og ekki er nægilegt að hafa í reglugerð. Skulu nefnd nokkur atriði:

- a. Hvernig fer um hæfiskröfur til þeirra sem fyrst eru ráðnir að skólanum?
- b. Engar hæfiskröfur eru gerðar til rektors og forstöðumanna deilda, þeir virðast jafnvel ekki þurfa að vera kennarar við skólann.
- c. Ekkert er fjallað um viðskilnað nemenda, fullnaðarpróf og prófskírteini, úrsögn, brottrekstur o.fl.
- d. Ákvæði vantar um stjórn deilda og námsbrauta.
- e. Ekki er ljóst hvort embættismenn skólans skuli eiga seturétt á háskólanefndarfundum.
- f. Ákvæði um stofnun háskóladeilda er mjög ábótavant, það heimilar m.a. ráðherra að stofna nýjar deildir innan marka fjárveitinga í fjárlögum.
- g. Ákvæði vantar um fjármál skólans og eigur.

Eins og fram er komið er mjög erfitt að gefa fullnægjandi umsögn um einstök atriði í umræddu frumvarpi, nema skýrar liggja fyrir hvaða forsendur búa að baki frumvarpinu. Rétt þykir að senda athugasemdir kennslumálanefndar Háskóla Íslands með umsögninni, en þar er fjallað um einstakar greinar frumvarpsins með svipuðum fyrirvörum og greindir voru hér að framan.

Sigmundur Guðbjarnason
rektor.

Kennslumálanefnd Háskóla Íslands:

Athugasemdir við frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.¹
(31. janúar 1988.)

Stofnun nýs háskóla á Íslandi er athyglisverð m.a. vegna þess að þá er á nýjan leik tekin afstaða til þess hvað háskóli er — eða ætti að vera. Orðið háskóli hefur um langt skeið í íslensku máli fyrst og fremst vísað til þess starfs sem fram fer í Háskóla Íslands.²

Í 1. gr. laga um Háskóla Íslands segir að hann skuli vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðlustofnun.

Báðum þessum þáttum er sinnt í Háskóla Íslands og það virðist sterk sannfæring margra ef ekki flestra sem þar starfa að vísindalegri fræðslu verði ekki sinnt þannig að vel sé nema líf og kraftur sé í rannsóknarstarfi kennara. Það sé einmitt sérkenni háskólastarfs að flétta þetta tvennt saman, fræðslu og rannsóknir.

Til þess er ætlast að háskóli hafi forustu og sýni frumkvæði í vísindum og menntun. Háskóli Íslands hefur alltaf axlað þá ábyrgð sem því fylgir en telur nauðsynlegt að hafa sjálfstæði til þess að sinna forustuhlutverki sínu. Aðrir háskólar þurfa einnig sjálfstæði til þess að rækja hlutverk sitt.

Nú má líta á nútímaháskóla öðrum augum en gert er hér að ofan. Háskólar á Íslandi séu einfaldlega þeir skólar sem alla jafnan taka við af framhaldsskóla og þar eigi að vera hægt að finna fræðlustarf af margvíslegu tagi.³ Þannig er hægt að setja á stofn ýmsa nýja háskóla sem hafa önnur markmið og önnur hlutverk en þau sem koma fram í lögum um Háskóla Íslands. Þetta virðist einmitt vera sú hugsun sem speglast í frumvarpi til laga um Háskólann á Akureyri.

Þegar háskólum fjölgar er nauðsynlegt að huga vel að tengslum þeirra á milli, m.a. hve auðveldlega nemendur geta lokið námi í einum skóla og fengið það metið í öðrum. Þetta virðist sérstaklega brýnt þegar setja skal á stofn skóla sem fæst einkum við „kennslu á styttri námsbrautum“ sem eiga jafnframt að „veita rétt til áframhaldandi háskólanáms“.⁴

Margar þeirra athugasemda, sem gerðar eru hér á eftir, miðast við það viðhorf til háskóla sem sagt er frá hér í upphafi, en eiga e.t.v. síður við skóla sem hafa önnur markmið, enda þótt þeir heiti háskólar. Þessar athugasemdir tengjast annars vegar sjálfstæði skólans og hins vegar heilindum gagnvart þeim markmiðum sem sett eru fram, sum í 1. gr. frumvarpsins og önnur í greinargerð með því. Auk þess eru athugasemdir sem eru frekar tæknilegs eðlis og eiga við í öllum tilvikum.

Athugasemdir við einstakar greinar. Innan hornklofa er vísað í sambærilegar greinar í lögum um Háskóla Íslands:

1. gr. [1. gr.] Sé það ásetningur löggjafans að ætlast í alvöru til vísindalegs fræðlustarfs verður ekki undan því vikist að gera veg rannsóknarstarfa meiri en gert er í frumvarpinu.

1. Vilhjálmur Árnason heimspekingur hefur lagt til eftirfarandi reglu um nafngiftir háskóla: Allir nýir skólar á háskólastigi hafi forskeyti sem gefi til kynna verkefni þeirra eða þau starfssvið sem þeir muni einkum sinna, sbr. Kennaraháskóli Íslands. Ný nöfn gætu því orðið Búnaðarháskóli, Tækniháskóli, Listaháskóli svo dæmi séu tekin. Sá skóli sem nú er fjallað um gæti því heitið Tækniháskólinn á Akureyri eða öðru skyldu nafni. Slíkar nafngiftir gefa til kynna að markmið skólans eru ekki eins almenn og markmið Háskóla Íslands sem yrði eini háskólinn án forskeytis í nafni. Forskeytið sjálft gefur aðeins grófa leiðsögn og mun ekki hindra að fjölmargar ólíkar greinar séu stundaðar við hvern skóla.
2. Hér er Kennaraháskóla Íslands ekki gleymt, en umræða um háskóla hér á landi tekur miklu meira mið af Háskóla Íslands.
3. Sbr. umfjöllun á bls. 4–5 í aths. sem fylgja með frumvarpinu, einkum málsgrein sem hefst á: Undanfarna
....
4. Sjá bls. 5 í síðustu málsgrein almennra athugasemda sem fylgja með frumvarpinu.

3. gr. [3. gr.] Með því að ráðherra skipar rektor er sjálfræði skólans skert miðað við það sem skynsamlegt og sjálfsagt er talið í Háskóla Íslands. Ef ekki þykir rétt, að svo stöddu,⁵ að leyfa kennurum og nemendum að kjósa sér forustu úr hópi kennara þá væri þó eðlilegra að fela það vald í hendur háskólanefndar, en þar hefur ráðherra tilnefnt tvo fulltrúa skv. 4. gr. frumvarpsins. Það virðist þó óeðlilegt að rektor hafi atkvæðisrétt í þessu máli eins og búið er um hnútana í 5. gr. frumvarpsins.

4. gr. [4. gr.] Það virðist vera í anda hugmyndar um þá nýju gerð skóla, sem greint er frá í greinargerð með frumvarpinu, að skipa í háskólanefnd einhverja aðila utan skólans. Eðlilegt væri að í lögunum væri mótuð einhver almenn regla um samsetningu hennar, t.d. sú að meira en helmingur nefndarinnar væri úr hópi starfslíðs skólans. Hlutur starfsmanna í formlegri stjórn skólans er lítill og kemur ekki heim við þær hugmyndir sem nefndar voru hér að ofan varðandi sjálfstæði háskóla.

Þá er vafasamt að tilgreina tiltekna hagsmunaaðila í lögunum eins nákvæmlega og gert er. Eðlilegra væri að allir utanskólamenn væru tilnefndir af stjórnvöldum, en í greinargerð væri gefin leiðsögn um þá sem leita bæri ráða hjá um slíka tilnefningu. Ekki er líklegt að mörgum þætti það sjálfgefið að Samtök sveitarfélaga á Suður- eða Vesturlandi eða Reykjavíkurborg ættu samkvæmt lögum einn fulltrúa í háskólanefnd ímyndaðs nýs háskóla sem settur yrði á stofn í Reykjavík, ef ákveðið væri að skipa þar utanaðkomandi aðila. Enda þótt skóli af þessu tagi sé á Akureyri verður hann að bera hagsmuni þjóðfélagsins alls fyrir brjósti og vera hugsaður fyrir alla landsmenn jafnt. Þetta sjónarmið verður m.a. að speglast í stjórn skólans.

Eðlilegt er að fjöldi fulltrúa nemenda í háskólanefndinni sé tilgreindur sem hlutfall af fjölda nefndarmanna, en sé þó ekki minni en tveir.

5. gr. [5. gr.] Ef rektor er skipaður af ráðherra sem nokkurs konar framkvæmdastjóri skólans er atkvæðavald hans í háskólanefndinni of mikið.

8. gr. [9. gr.] Lagaleg staða nýrra deilda er óljós. Það virðist misræmi í því að nefna tvær deildir í lögum en gera samt ráð fyrir því að öðrum megi bæta við án lagabreytingar. Eðlilegra væri að tiltaka ekki deildir í lögum, en binda þær frekar í reglugerð, meðan skólinn er enn í mótun og kennslusviðin óviss.

9. gr. [10. og 11. gr.] Í kjarasamningum kennara HÍ (og KHÍ) og með samþykktum háskólaráðs er rannsóknarskylda lektora jafnmikil og rannsóknarskylda dósentar og prófessora. Auk þess eru umsækjendur um lektorsstöður nú metnir eftir sömu reglum og með sömu aðferðum og prófessorar og dósentar. Þetta ætti að speglast í frumvarpinu.

Vafasamt er að setja í lög kröfur um háskólapróf kennara í tilteknum greinum ekki síst þar sem reyna á að flytja háskólastarf í nýjan farveg þar sem fræðileg þekking kennara á einhverju nýju sviði er ekki alltaf það sem fyrst og fremst er sóst eftir. Engar slíkar kröfur eru í lögum um Háskóla Íslands og dæmi eru um að kennarar með próf í einni grein fái stöður, m.a. prófessorstöður í öðrum. Í auglýsingum og leiðbeiningum til dómnefnda mætti gera þær kröfur að kennarar hefðu almennt slíkan bakgrunn, en hann væri þó ekki svo ófrávíkjanlegt og njörvað skilyrði sem lagagreinin segir fyrir um.

Sá munur, sem gerður hefur verið á lektorum og öðrum kennurum, er nú að hverfa í HÍ (nema í launum) og það virðist mjög vafasamt að gera hann svo skýran sem gert er í þessu frumvarpi. Háskólanum á Akureyri er enginn greiði gerður með því að ráða í upphafi alla kennara (þ.e. lektora) án dómnefnda. Skipun dómnefnda um allar kennarastöður ætti að vera ákveðin í lögunum. Það kann að virðast þunglamalegt í upphafi að setja dómnefnd yfir hvern einasta mann sem fastráðinn er, en er farsælast þegar til lengri tíma er litið og kennurum og skólanum mikill styrkur.

Gera mætti ráðningu kennara markvissari, t.d. með því að gera hlut dómnefnda meiri en gert er í frumvarpinu þannig að þær geri beina tillögu um ráðningu og byggðu hana m.a. á 5. Að líkindum kemur til kasta þessa ákvæðis eftir fimm ár.

hefðbundnu dómnefndarstarfi. Háskólanefnd tæki svo afdráttarlausa afstöðu til þessarar tillögu. Meðan skólinn er í mótnun tryggði þetta fyrirkomulag yfirvegaðri uppbyggingu hans.

10. gr. [17. gr.] Ástæðulaust er að ákveða missirisskiptinguna í lögnum.

11. gr. [21. gr.] Þar sem skólanum er ætlað nýstárlegt hlutverk mætti hér fara nýjar brautir og halda opnum leiðum fyrir þá sem hafa t.d. lokið þriggja eða fjögurra ára framhaldsskólanámi en hafa ekki stúdentspróf.⁶

Í 11. gr. virðist vanta heimild til þess að setja í reglugerð ákvæði skyld þeim sem eru í gr. 22–25 í lögum um HÍ.

Enda þótt gert sé ráð fyrir að lögín séu endurskoðuð eftir þrjú ár munu þau eins og þau verða nú samþykkt vafalaust ráða miklu um þá meginhugsun um starfshætti sem ræður næsta áratuginn. Margt af því, sem í frumvarpinu er sett fram með því hugarfari að því megi auðveldlega breyta seinna, mun samt sem áður festast í sessi. Það mun ekki aðeins ráða ferðinni í Háskólanum á Akureyri heldur einnig í uppbyggingu alls háskólastigsins í landinu nú þegar útpensla þess er í sjónmáli.

6. E.t.v. er tómt mál um þetta að tala vegna 5. gr. laga um skólakerfi frá 1974.

Jón Torfi Jónasson.

Fylgiskjal II.

Skólamálaráð KÍ:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri. (Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 22. febr. 1988.)

Í upphafi vill Kennarasamband Íslands láta í ljósi ánægju sína með stofnun Háskólans á Akureyri og væntir þess að hlúð verði að þeirri stofnun eins og frekast er kostur.

Þær athugasemdir, sem á eftir fara, eru af tvennu tagi. Annars vegar eru spurningar og athugasemdir sem komið hafa til við skoðun frumvarpsins og varða stofnunina í heild. Hins vegar eru athugasemdir sem miðast við ákveðnar greinar frumvarpsins og verður í þær vísað.

Hlutverk Háskólans á Akureyri.

Eftir 1. gr. frumvarpsins ásamt kafla í sögulegu yfirliti á bls. 5 að dæma virðist háskólanum ekki ætlað að verða rannsóknarháskóli. Í 9. gr. er hins vegar gaumgæfilega fjallað um hvernig ber að standa að ráðningu dósentna og prófessora ef til kemur. Samkvæmt túlkun forstöðumanns Háskólans á Akureyri er skólinn bæði vísindaleg fræðslustofnun og vísindaleg rannsóknarstofnun enda geti annað ekki verið án hins í háskóla. Ef fallist er á þessa túlkun er sjálfsagt að vísindalegt rannsóknarhlutverk sé tryggt í lögum skólans. Sé skólanum hins vegar ekki ætlað neitt rannsóknarhlutverk að svo stöddu er óþarfi að fjalla ítarlega um hvernig standa skuli að ráðningu dósentna og prófessora. Í lögum um skóla, ekki síst háskóla, þarf að geta skýrt um hlutverk hans þannig að ekki myndist um það ágrein- ingur.

Kennarasambandið mælir með að Háskólanum á Akureyri verði ætlað vísindalegt rannsóknarhlutverk og það komi fram í lögnum.

Um nafn skólans.

Nafngiftin — Háskólinn á Akureyri — helst í hendur við það sem sagt er hér að framan. Í málvitund landsmanna þýðir orðið háskóli menntastofnun sem svarar til Háskóla Íslands. Í umræðum um aðra háskóla eða nám á háskólastigi hefur verið rætt um slíka stofnun með forskeyti, t.d. Listaháskóli. Ef það er ljóst að Háskólinn á Akureyri á ekki að vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun heldur einungis vísindaleg fræðslustofnun þá er brýn nauðsyn á að finna stofnuninni annað heiti sem gæti vissulega haft orðið háskóli í sér en hefði forskeyti sem væri lýsandi.

Um stefnumörkun og gerð fjárhagsáætlunar.

Í frumvarpinu kemur ekki fram hver skuli vinna að stefnumörkun í málefnum skólans, en að háskólanefnd geti komið með tillögur um stofnun nýrra deilda. Ekki er heldur getið um hver skuli vinna að fjárhagsáætlun fyrir skólann. Er þessir þættir ekki svo mikilvægir að ástæða sé til að lögbinda þá?

Um 4. gr.

Í greininni kemur fram að tveir fulltrúar í háskólanefnd eru pólitískt kjörnir. Þessir fulltrúar eiga að treysta æskilegt samband háskólans við umhverfi hans. Er það í raun líklegt að þessir fulltrúar tryggji þau tengsl við umhverfið (atvinnulífið) sem stefnt er að? Hvers vegna er t.d. fulltrúi frá Fjórðungssambandi Norðlendinga þar sem farið er að breyta í stofnum sambandsins?

Um 9. gr.

Greinin fjallar um ráðningu kennara. Hefur menntamálanefnd efri deildar fjallað um kennsluréttindi kennara við háskólastig? Finnst nefndarmönnum eðlilegt, að allir kennarar aðrir en háskólakennarar verði að hafa lágmarksmenntun í uppeldis- og kennslufræði?

Um III. kafla: Kennarar og deildir háskólans.

Í 9. gr. er eingöngu fjallað um hvernig skuli standa að ráðningu kennara og hvaða ráðningarheiti kennarar eigi að fá. Væri ekki eðlilegt að lögin tiltækju eitthvað um hlutverk og starfssvið kennaranna eftir að þeir eru ráðnir að skólanum?

Um IV. kafla: Nemendur, kennsla og próf.

Þessi kafli á að fjalla um nemendur, kennslu og próf. Það eina sem er nákvæmt í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði sem taka til nákvæmrar skiptingar kennsluárs í missiri. Rætt er um skráningu nemenda, en að öðru leyti er ekki fjallað um rétt þeirra eða skyldur eftir að þeir hafa hafið nám við skólann. Kafli III og IV eiga það sammerkt að þeir taka til inn-tökuskilyrða kennara og nemenda, en fjalla ekki um starf og nám þessara aðila eftir að þeir hafa verið samþykktir inn í skólann. Kafli þessi ber heitið kennsla. Á engan hátt er vikið að kennslu, kennsluskrá eða öðru sem að kennslu lýtur. Rætt er hins vegar um kennsluár og um hlé á kennslu. Annaðhvort þarf að breyta um heiti kaflans eða fjalla um kennslu í kaflanum.

Í 12. gr. er eingöngu fjallað um prófgreinar, próf og einkunnir til að skýra frá að reglugerð muni taka til þessara þátta. Ekki væri óeðlilegt að í lögum væru einhver ákvæði um þessa mikilvægu þætti. Hér skal bent á að hugtakið námsmat vantar inn í greinina.

Um frumvarpið í heild.

Frumvarp þetta virðist í hæsta máta stuttort. Ef til vill er nauðsynlegt meðan verið er að móta fyrstu skref skólans að lögin séu rúm. Þó er þetta frumvarp svo lítið að vöxtum að lesanda verður síður en svo ljóst hvers konar skóli er á ferðinni. Verði frumvarp þetta að

lögum hlýtur að þurfa mjög langa reglugerð með því. Jafnframt verður þeim sem semja reglugerðina vandi á höndum þar sem fátt er til að styðjast við í lögnum sjálfum.

Lög um skóla, t.d. Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands (núgildandi og frumvarp til nýrra laga) ásamt grunnskólalögnum eru mjög ítarleg. Ekki er óeðlilegt að ætla að lög um Háskólann á Akureyri séu að ytra formi áþekk þessum lögum þótt lögin muni taka til allra þeirra sérkenna sem munu einkenna Háskólann á Akureyri.

Kennarasamband Íslands væntir þess að Alþingi Íslendinga muni vanda verulega til þessara laga. Því leggjum við til að frumvarp þetta verði endursamið með hliðsjón af því sem að framan er sagt.

Kennarasamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með að hafa fengið tækifæri til að fjalla um frumvarp þetta.

Birna Sigurjónsdóttir
formaður.

Fylgiskjal III.

Bandalag háskólamanna:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Hver sjálfstæð þjóð, sem lætur sér annt um menntun sína, framfarir, tungu og menningu, verður að eiga öflugan háskóla, „universitas“ í hefðbundnum skilningi. Þess vegna var Háskóli Íslands stofnaður árið 1911. Háskólinn hefur eflst og vaxið hratt hin síðari ár, en samt vantar enn mikið á að hann hafi þann mannafla, húsa-, bóka- eða tækjakost sem honum er nauðsynlegur. Það er því engan veginn tímabært að stofna annan háskóla í þessum skilningi.

Það er hins vegar deginum ljósara að þróun þjóðfélagsins hefur verið slík að þörf fyrir sérþekkingu á flestum sviðum og sérhæfða kennslu eftir stúdentspróf (eða sambærilegan undirbúning) fer sívaxandi, og efla þarf menntun í fleiri greinum en hefðbundnum háskólagreinum. Nauðsynlegt er að yfirvöld menntamála marki heildarstefnu um það, sem nefnt er „kennsla á háskólastigi“, m.a. með tilliti til þess hvaða skólar eigi að veita slíka kennslu, hvaða hlutverki hver skóli gegni og hver afstaða hans til Háskóla Íslands eigi að vera.

Stjórn Bandalags háskólamanna leggur á það áherslu að frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri þarf gagn Gerrar endurskoðunar við svo að tekin verði af öll tvímæli um að ekki sé verið að stofna til nýs „universitas“ á Íslandi, heldur öflugrar kennslu að loknu stúdentsprófi í nánum tengslum við atvinnuvegi þjóðarinnar. Þar væri um að ræða skóla sem kallast í öðrum löndum „Fachhochschule“, „polytechnic“, „högskola“ eða „community college“. Stjórnin gerir því að svo stöddu ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Fylgiskjal IV.

Kennaraháskóli Íslands:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Fyrirhugað starf Háskólans á Akureyri (sbr. grg. bls. 4 um núverandi og hugsanlegar námsbrautir) varðar ekki beinlínis starfssvið Kennaraháskóla Íslands, enda er eðlilegt að sama eigi við um Kennaraháskólann og segir um Háskóla Íslands (grg. bls. 5), að „hlutverk Háskólans á Akureyri“ sé ekki „að standa í beinni samkeppni við“ hann „um námsframboð og rannsóknir“.

Viss atriði í skipulagi Háskólans á Akureyri samkvæmt frumvarpinu eru íhugunarverð:

- Hlutverk Háskólans á Akureyri er, hvað kennslu varðar og þó einkum rannsóknir, meira í ætt við tækniskóla en rannsóknarháskóla. Gera má ráð fyrir að kennarar skólans tengist samt sem áður rannsóknum, sem sumpart séu fjármagnaðar af öðrum aðilum, og eigi frumkvæði að slíku. Þeir þurfa einnig að geta sinnt þróunarstarfi fyrir skólann og samstarfsaðila hans.
- Frumvarpið gerir ráð fyrir lektorsstöðum án rannsóknarskyldu sem er afbrigðileg tilhögun. Líklegt er að lektorar verði mikilvægir starfsmenn skólans og oft forstöðumenn námsbrauta. Þeir munu því í flestum tilvikum verða fulltrúar skólans í samstarfi við atvinnulífið. Því gildir um þá það sem sagt er hér að framan um þátttöku kennara í rannsóknar- og þróunarstörfum.
- Samkvæmt frumvarpinu er, a.m.k. að svo stöddu, gert ráð fyrir mjög takmarkaðri sjálfstjórn skólans og lítið svigrúm fyrir „innra lýðræði“ sem hæfa þykir háskóla. Fyrir þessu eru færð rök í greinargerð, m.a. með tilvísun til fjölda kennara. Fastir kennarar verða a.m.k. fáir fyrstu árin, en í þessu viðfangi má benda á reynslu héðan úr Kennaraháskólanum þar sem fastráðnir stundakennarar eru mjög virkir og drjúgir þátttakendur í sjálfstjórn skólans, ásamt fulltrúum nemenda. Þessir aðilar, auk forstöðumanna námsbrauta, ættu því að vera rektor til aðstoðar um daglega stjórnun og mynda einhvers konar framkæmdastjórn eða skólaráð.

Kennaraháskóli Íslands óskar hinni nýju menntastofnun á Akureyri alls velfarnaðar og vonar að heimamenn og landsmenn allir muni hennar vel njóta.

Fylgiskjal V.

Hið íslenska kennarafélag:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri. (Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 23. febr. 1988.)

Stjórn HÍK hefur fjallað um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri. Stjórnin telur að nokkurs tvískinnungs gæti í frumvarpinu hvað varðar hlutverk hans. Annars vegar er rætt

um Háskólann á Akureyri sem „vísindalega fræðslustofnun“, en hins vegar virðist ekki tryggt að grundvöllur verði skapaður til vísinda- og rannsóknarstarfa innan stofnunarinnar (sbr. 1. og 9. gr.). Stofnun getur varla talist vísindaleg nema innan hennar fari fram rannsóknir og að þar ríki rannsóknafrelsi. Kennarar við háskóla trénast upp ef þeir sinna ekki rannsóknum. Allt frumkvæði til rannsókna verður að vera í höndum þeirra sem starfa í háskólanum. Ef tryggja á rannsóknafrelsi þarf skólanefnd (háskólaráð) að vera skipuð mönnum sem starfa innan skólans (sbr. 4. gr.).

Stjórnin vill enn fremur gera nokkrar athugasemdir við orðalag á nokkrum greinum frumvarpsins.

1. gr. Athugasemd um orðalag: Lagt er til að út falli orðin: „og ábyrgðarstöðum“.

2. gr. Vakin skal athygli á orðalaginu: „Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.“ Þyrfti ekki að orða þetta betur?

11. gr. Orðalag í fyrstu málsgrein er óljóst og jafnvel villandi. Er ekki réttara að þarna komi fram að hin almennu inntökuskilyrði séu stúdentspróf þótt undantekningar geti verið frá þeirri meginreglu (sbr. athugasemdir við þessa grein frumvarpsins). Til skýringar bendum við á að próf af tveggja ára námsbrautum í fjölbrautaskólum mundi væntanlega teljast fullnaðarpróf frá skóla sem heimild hefur til að útskrifa stúdenta.

Ómar Arnason
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VI.

Bæjarráð Akureyrar:

UMSÖGN

(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 5. febr. 1988.)

Með bréfi dags. 15. desember 1987 óskar menntamálanefnd efri deildar Alþingis eftir umsögn bæjarstjórnar Akureyrar um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Bæjarráð Akureyrar hefur kynnt sér frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt sem allra fyrst. Jafnframt bendir bæjarráð á nauðsyn þess að menntamálaráðuneytið hraði setningu reglugerðar um skólann strax að lokinni setningu laganna.

Sigfús Jónsson
bæjarstjóri.

Fylgiskjal VII.

Fjórðungssamband Norðlendinga:

UMSÖGN

(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 1. febr. 1988.)

Fjórðungsstjórn samþykkti á fundi sínum 29. janúar sl. að mæla með samþykkt frumvarps um Háskólann á Akureyri og væntir þess að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi Alþingi.

Áskell Einarsson.

Fylgiskjal VIII.

*Haraldur Bessason,
forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri:*

UMSÖGN

(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 11. mars 1988.)

Álitsgerðir þær um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri, sem borist hafa efri deild Alþingis, eru gagnlegar, einkum þegar haft er í huga að frumvarp það, sem hér er um að ræða, hlýtur að fá á sig breytta og nokkuð fyllri mynd innan þriggja ára.

Álitsgerð Bandalags háskólamanna gerir að vísu engar rökstuddar athugasemdir við lagafrumvarpið. Þó er þar að finna nokkra andstöðu við stofnunarheitið *háskóli* á þeim forsendum að Háskóli Íslands sé eina stofnunin hér á landi sem verðskuldi hið hefðbundna latneska heiti *univeristas*. Verður ekki annað af álitsgerðinni ráðið en að *háskóli* sé bein þýðing á *universitas*. Þess ber þó að gæta að hér á Íslandi hefur aldrei verið til nein menntastofnun sem nefna mætti á latínu *universitas*, nema ef vera skyldi skóli sá sem Jón biskup Ögmundarson stofnaði á Hólum í Hjaltadal á fyrsta áratug 12. aldar. Heimildir um þá stofnun eru þó fremur ótraustar.

Í álitsgerð Bandalags háskólamanna er látið að því liggja að Háskóli Íslands veiti almenna akademíska menntun fremur en sérmenntun. Þetta er vitaskuld ekki alls kostar rétt þar sem Háskóli Íslands hefur frá upphafi verið að verulegu leyti safn sérskóla (deilda) og mjög ótítt að stúdentar stundi nám í fleiri en einum slíkum skóla (deild) samtímis. Í öðrum álitsgerðum gætir ámóta misskilnings.

Þá hillir undir þau sjónarmið í álitsgerð Bandalags háskólamanna að skarpan greinarmun beri að gera milli akademískrar menntunar annars vegar og verklegra mennta (verkmenntunar) hins vegar. Hér er því til að svara að háskólanám er ávallt með þeim hætti að höfuðáhersla er lögð á það að þjálfa stúdenta í vísindalegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum. Skiptir engu máli hvort um er að ræða greiningu bókmenntatexta eða athuganir á sjávarútvegi.

Sé þetta haft í huga verður markalínan milli akademískra fræða og verkmenntar ekki einungis óglögg, heldur hverfur hún með öllu. Ber jafnan að gjalda varhug við þeirri tvískiptingu háskólafræða sem í ofangreindum álitsgerðum er talin óyggjandi. Ónákvæm orðanotkun leiðir gjarnan til óskýrrar hugsunar og ekki fjarri lagi að dæmi þessa sé að finna í álitsgerð Bandalags háskólamanna sem og í öðrum þeim álitsgerðum um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri sem menntamálanefnd efri deildar Alþingis hafa borist. Er þó síður en svo verið að varpa rýrð á það fólk sem hér hefur að unnið.

Nauðsynlegt er að fólk geri sér fulla grein fyrir því að íslenskir atvinnuvegir eru óaðskiljanlegir íslenskri menningu og að íslensk tunga á sér djúpar rætur við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Að þessu leyti dugir ekki að ætla að íslensk viðhorf til æðri menntastofnana þjóðarinnar séu þau hin sömu eins og tíðkast í háþrúðum iðnríkjum Evrópu og Norður-Ameríku þar sem segja má að ávallt hafi staðið skilveggur milli atvinnuvega og andlegrar menningar. Er ensk tunga ef til vill gleggsta dæmið um þetta og má rétt nefna að enskir togarasjómenn og iðnverkamenn eiga langt í land með að öðlast þann þegn rétt í heimalandi sínu sem tungan ein veitir. Um Íslendinga gegnir öðru máli, enda ber þeim að

fara með allri gát meðal þeirra staðhæfinga að háskólafræðsla um íslenska atvinnuvegi eða rannsóknir á þeim séu í eðli sínu óakademísk verkmennt. Er hér komið að þeim kjarna sem því miður er látinn óráðdur í öllum álitserðum.

Þess gerist ekki þörf að þýða eitthvert erlent heiti sem henti æðri menntastofnun á Akureyri betur heldur en orðið háskóli. Höfuðmáli skiptir að við Háskólann á Akureyri má nú þegar greina mótun ákveðinnar stefnu, en skólinn mun leitast við að fara nýjar leiðir og nema ný lönd. Hann mun hvergi slaka á kröfum né heldur una þeim dómi að innan veggja hans sé stunduð einhvers konar óakademísk iðja. Afstöðu hans til Háskóla Íslands þarf ekki að skilgreina nánar á þessu stigi málsins. Hins vegar ber háskólanum að leita þess í hvívetna á sviði kennslu og vísinda að efla skynsamleg tengsl við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir bæði innlendar og erlendar.

Deilur um stofnanaheiti eru í eðli sínu ófrjóar. Hins vegar skipta störf og stefna þeirra stofnana sem um er rætt höfuðmáli. Þau atriði er ekki unnt að binda í lagagreinar. Ljóst er engu síður að stjórnendur Háskólans á Akureyri hafa þegar gert stefnu skólans nægilega skýra til þess að þjóðin megi skilja að ekki er á ferðinni nein eftirlíking á Háskóla Íslands.

Hin vandaða álitsergrein dr. Sigmundar Guðbjarnasonar er mjög athyglisverð. Þar er látin í ljósi nokkur áhyggja út af því að frumvarp til laga kveði ekki nægilega skýrt á um rannsóknir og rannsóknarskyldu við skólann. Í 1. gr. frumvarpsins segir að háskólinn skuli vera *vísindaleg fræðslustofnun*. Leggur undirritaður þann skilning í lýsingarorðið *vísindalegur* að aðalmerkingarþáttur þess lúti að rannsóknum og rannsóknarstarfi. Enn má benda á að í 9. gr. frumvarpsins er kveðið svo á um að fastir kennarar við háskólann skuli vera „lektorar, dósentar eða prófessorar“. Stöðuheitin sjálf fela í sér rannsóknarskyldu. Í reglugerð um Háskólann á Akureyri mun verða sérstakt ákvæði um framgangskerfi til þess að lektorar, dósentar og prófessorar sjái sér ávinning í að stunda rannsóknir af kappi. Er ekki þörf á að lýsa nánar þeirri starfsögun sem slíkt kerfi krefst. Dr. Sigmundur er ekki einn um þá skoðun að of lint sé tekið til orða í upphafsgrein frumvarpsins um rannsóknir og rannsóknarskyldu. Er því tryggara að gera þar þá orðalagsbreytingu að Háskólinn á Akureyri skuli vera *vísindaleg rannsóknar- og kennslustofnun* þótt með slíkri breytingu komi til skjalanna það stílfraðilega fyrirbæri sem málfræðingar kynnu að nefna klifun (redundancy). Klifun er engu að síður mjög áberilegt einkenni lagamáls.

Í hinn vönduðu álitsergerð dr. Sigmundar virðist þess gæta nokkuð að gert sé ráð fyrir að lagafrumvarp um Háskólann á Akureyri sé samið með miklu stærri og fjölmennari stofnun í huga heldur en háskólinn er á þessari stundu. Smæð í upphafi veldur því að ógerningur er að starfsfólk kjósi í embætti. Er því vant að sjá hvernig hjá því verður komist að embættismenn séu skipaðir í stöður. Hafa ber hugfast að lagafrumvarpið er samið um nýja stofnun sem í upphafi hefur þröngt starfssvið. Af þeirri sök gerir 9. gr. skýrt að löggin skuli *endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra*. Ákvæðið um endurskoðun er að verulegu leyti sniðgengið í álitsergerðunum.

Dr. Sigmundur telur að í frumvarpið vanti ákvæði um hæfi (hæfni) þeirra sem gegna störfum við Háskólann á Akureyri. Því er til að svara að menntamálaráðuneytið hefur í sínum fórum skjalagögn um háskólaferil forstöðumanns háskólakennslu á Akureyri og tveggja brautarstjóra sem þar starfa. Ef þörf krefur verður því að leita upplýsinga um hæfni þessa fólks til ráðuneytisins. Athygli skal og á því vakin að enda þótt reglugerð um hæfni kennara sé enn ómótuð eru kröfur Háskólans á Akureyri síst vægari á þessu sviði heldur en við aðra háskóla. Nægir að vísa til lýsinga á nýjum stöðum við háskólann sem þegar hafa verið sendar menntamálaráðuneytinu til umfjöllunar.

Naumast er ástæða til að gera fleiri efnislegar athugasemdir við álitserðir um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri. Til viðbótar þeirri orðalagsbreytingu, sem þegar hefur verið stungið upp á, er nauðsynlegt að fella inn í athugasemdir við lagafrumvarpið svofelld

orð við lok annarrar málsgreinar á bls. 4: *Enn fremur hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri veitt háskólamálinu ómetanlegan stuðning við skipulagningu hjúkrunarbrautar og með því að fá kennurum og stúdentum á þeirri braut kennslurými og nauðsynlega starfsaðstöðu.*

Mjög væri til bóta að fella niður aðra setningu, talið að ofan, á bls. 5, þ.e. *Þessir skólar, . . . er til að dreifa.*

Háskólinn á Akureyri þakkar öllum þeim sem unnið hafa að samningu álitsgerða þeirra sem hér hefur verið vikið að. Enn fremur stendur háskólinn í þökk við menntamálanefnd efri deildar Alþingis fyrir það að bjóða forstöðumanni háskólakennslu á Akureyri að tjá sig um efnislegt innihald álitsgerðanna.